

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 140/2014 um meistaránám
við heilbrigðisvínsindasvið Háskóla Íslands.**

1. gr.

Á eftir IX. lið 16. gr. reglnanna bætist við ný undirgrein um nám í klínískri lyfjafræði, svohljóðandi:

Klínísk lyfjafræði.

1. Um námið.

Lyfjafræðideild veitir kennslu til MS-prófs í klínískri lyfjafræði. Kennsla fer fram í námskeiðum sem metin eru til námseininga. Nám í klínískri lyfjafræði til MS-prófs jafngildir 90 einingum, þar af er rannsóknarverkefni 30 einingar.

2. Inntökuskilyrði.

Aðgang að námi í klínískri lyfjafræði til MS-prófs hafa þeir sem lokið hafa MS-prófi í lyfjafræði við Háskóla Íslands eða sambærilegu prófi í lyfjafræði frá öðrum viðurkenndum háskóla. Til bess að hefja MS-nám í klínískri lyfjafræði þarf að lágmáarki meðaleinkunnina 6,5 í fyrrnefndu lyfjafræðinámi. Aðgangur að náminu er auk þess háður sérstökum reglum um fjöldatakmörkun sem háskólaráð samþykkir.

3. Samsetning náms.

Námið er skipulagt sem starfstengt nám á Landspítala háskólasjúkrahúsi og tekur 3 ár miðað við 50% starfsnám. Hver nemandi fær í upphafi náms leiðbeinanda sem ber ábyrgð á nemandanum á meðan á námi stendur. Námið er samsett úr tveimur 30 eininga skyldunámskeiðum, auk 30 eininga rannsóknarverkefnis.

4. Einkunnir.

Til að standast próf í meistaránámi í klínískri lyfjafræði verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 5,0 í hverju námskeiði um sig auk allra námskeiðhluta í einstökum námskeiðum. Sjá nánar 4. og 5. mgr. 100. gr. í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Meðaleinkunn úr öllum námskeiðum skal ekki vera lægri en 6,0.

5. Tengsl við aðra háskóla og sjúkrahús.

Kennslan fer að mestu fram á sjúkrahúsapóteki Landspítala og deildum hans. Nemandi getur einnig átt kost á tímabundinni námsdvöl við háskólasjúkrahús erlendis, samkvæmt sérstóku samkomulagi í hverju tilviki.

6. Námsmat og meistarapróf.

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats meistaránámsnefndar staðfest námsferilsfirlit nemanda. Í meistaraprófi í klínískri lyfjafræði flytur nemandi fyrirlestur um rannsóknarverkefnið og hafa prófdómarar síðan samtals u.þ.b. klukkustund til að prófa nemandann. Prófdómarar ásamt umsjónarkennara og prófstjóra, sem skipaður er af meistaránámsnefnd, meta frammistöðu nemanda og gefa honum einkunn.

7. Skil og frágangur meistararitgerða.

Meistararitgerð má skrifa á íslensku eða ensku. Meistararitgerð skal uppfylla kröfur lyfjafræðideilda Háskóla Íslands um ritgerðir til meistaraprófs. Í henni skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða rannsókna á fræðasviðinu er rakin, aðferðafræði sem beitt var, niðurstöður, ítarleg umfjöllun og heimildaskrá sem skal vera samkvæmt almennum reglum vísindatímarita. Hafi nemandi skrifsað grein/greinar til birtningar geta þær verið hluti af ritgerðinni. Í ritgerð skal getið spítala sem rann-

Nr. 1157

8. desember 2015

sóknin var unnin við og einnig skal geta umsjónarkennara og leiðbeinanda. Koma skal skýrt fram að verkefnið hafi verið unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða sem styrktu verkefnið. Meistararitgerð skal skilað í fimm eintökum og á rafrænu formi til skrifstofu lyfjafræðideildar eigi síðar en mánuði fyrir áætlaðan prófdag. Lyfjafræðideild tekur ekki þátt í kostnaði vegna meistara-ritgerða.

8. Lærdómstíll.

Að loknu meistaranámi í klínískri lyfjafræði hlýtur nemandinn lærdómstítillinn Master of Science in Clinical Pharmacy (MS).

2. gr.

Reglur þessar eru settar af háskólaráði með heimild í 3. mgr. 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Reglurnar hafa verið samþykktar af lyfjafræðideild og stjórn heilbrigðisvísindasviðs, auk Miðstöðvar frambaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 8. desember 2015.

Jón Atli Benediktsson.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2015